

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Helluvað 2, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. apríl 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Helluvað 2. Breytingarnar gera ráð fyrir viðbótarbyggingarreit þar sem gert verði ráð fyrir byggingu þriggja gestahúsa allt að 40 m² hverju fyrir sig. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi, um Þrúðvang gegnum Hellu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

Veiðivötn, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. desember 2023 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Veiðivötn. Í gildandi skipulagi er heimild fyrir byggingu þriggja nýrra skála fyrir gesti norðaustan við Hestagíg. Staðsetningin þykir ekki heppileg og eru þeir færðir vestur fyrir Hestagíg.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

Hellu, 23. apríl 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.